

## **Starfsreglur um fasteignir Þjóðkirkjunnar nr. 8/2022-2023.**

### **1. gr.**

#### *Gildissvið*

Starfsreglur þessar gilda um fasteignir í eigu Þjóðkirkjunnar. Þær gilda ekki um fasteignir í eigu safnaða og kirkjugarða.

Prestssetur, samkvæmt starfsreglum þessum eru íbúðarhús ásamt hæfilegri lóð, í prestaköllum samkvæmt 7. gr. starfsreglna þessara. Ákvæði starfsreglna þessara um prestssetur gilda um biskupssetur.

### **2. gr.**

#### *Umsýsla og stjórн*

Rekstrarstofa þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar hefur fyrirsvar vegna fasteigna Þjóðkirkjunnar og annast umsýslu þeirra, þ.m.t. gerð leigusamninga, ákvörðun leigugjalds, þ.m.t. fyrir prestssetur, innheimtu tekna og fer með stjórн mállefna þeirra á grundvelli starfsreglna kirkjuþings og annarra samþykkta þingsins, sem varða fasteignir. Framleiga fasteigna Þjóðkirkjunnar er óheimil nema með leyfi rekstrarstofu.

### **3. gr.**

#### *Framkvæmdaáætlun*

Á rekstrarstofunni skal árlega unnin framkvæmdaáætlun vegna viðhalds og endurbóta á fasteignum og henni fylgt eftir. Áætlunin skal fylgja tillögum að fjárhagsáætlun til reglulegs kirkjuþings að hausti og taka til næsta almanaksárs. Jafnframt fylgi drög að framkvæmdaáætlun vegna næstu tveggja almanaksára á eftir.

### **4. gr.**

#### *Varðveisluskylda og hagsmuna- og réttindagæsla*

Rekstrarstofa gætir þess að eignarheimildum og öðrum réttindum Þjóðkirkjunnar sé réttilega þinglýst og að önnur opinber skráning fasteigna Þjóðkirkjunnar sé rétt, þ.m.t. skráning landamerkjá.

Gæta skal allra hagsmuna og réttinda Þjóðkirkjunnar svo sem veiðiréttar í vötnum og ám, vatnsréttinda, annarra veiðiréttinda s.s. gæs, rjúpa, veiðar í sjó og dúntekja, réttar til efnistöku úr landi og réttar til arðs af hreindýraveiði. Semja má við leigutaka, prest eða annan, um að vera vorslumaður jarðar.

### **5. gr.**

#### *Kaup og sala*

Kirkjuþing ákveður hvaða fasteignir skuli selja, hvort kaupa skuli fasteign og hvort ráðast eigi í nýbyggingu fasteignar. Víkja má frá þessu skilyrði ef sérstakar aðstæður skapast og rekstrarstofa telur brýnt að kaupa fasteign. Leita skal þá samráðs

við forsætisnefnd kirkjuþings.

Fasteignir, sem heimilt er að selja, skulu auglýstar á almennum markaði. Almennt skal hæsta tilboði tekið eða öllum hafnað.

Ekki skal kaupa mannvirki á jörðum, ræktun, þ.m.t. skógrækt, girðingar og aðrar umbætur og framkvæmdir, sem leigutaki hefur lagt fram, nema að hafi verið fyrirfram skriflegs samþykkis rekstrarstofu þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar fyrir framkvæmdunum. Hið sama á við um aðrar fasteignir Þjóðkirkjunnar eins og við getur átt. Komi til kaupa á framkvæmdum fráfarandi leigutaka skulu þau eiga sér stað við skil leigutaka á hinni leigðu fasteign.

#### 6. gr.

##### *Leiga prests- og biskupssetra*

Prests- og biskupssetur skulu leigð vígðum þjónum, sem það kjósa, í þeim prestaköllum sem greinir í starfsreglum þessum. Kjósi prestur að leigja prestssetrið skal gerður leigusamningur um þau afnot.

Leigusamningi við prest lýkur við starfslok hans í prestakalli þar sem prestssetrið fylgir með uppsögn leigusamnings.

Sé um jörð að ræða skal litið svo á að prestsstarfi fylgi einungis íbúðarhús jarðarinnar ásamt hæfilegri lóð. Semja má um afnot prestsins af jarðnæðinu að hluta eða öllu leyti sbr. 4. gr.

Sé auglýst prestsstarf í prestakalli, þar sem til boða stendur að leigja prestssetur, skulu liggja fyrir drög að leigusamningi fyrir prestssetrið.

#### 7. gr.

##### *Prestssetur í prestaköllum*

Prestssetur skal bjóða vígðum þjónum til leigu í þeim prestaköllum sem talin eru hér upp.

##### *Suðurprófastsdæmi*

1. Breiðabólsstaðarprestakall.
2. Fellsmúlaprestakall.
3. Hrunaprestakall.
4. Oddaprestakall.
5. Kirkjubæjarklaustursprestakall.
6. Skálholtsprestakall.

##### *Kjalarnessprófastsdæmi*

- Reynivallaprestakall.

*Vesturlandsprófastsdæmi*

1. Borgarprestakall.
2. Dalaprestakall.
3. Reykholtsprestakall.
4. Stafholtsprestakall.
5. Staðastaðarprestakall.

*Vestfjarðaprófastsdæmi*

1. Ísafjarðarprestakall.
2. Patreksfjarðarprestakall.
3. Breiðafjarðar- og Strandaprestakall.

*Húnnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi*

Húnnavatnsprestakall.

*Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi*

1. Laufásprestakall.
2. Dalvíkurprestakall.
3. Langanes- og Skinnastaðarprestakall.

*Austurlandsprófastsdæmi*

1. Austfjarðaprestakall.
2. Egilsstaðaprestakall.
3. Hofsprestakall.

Pá skal lagður til embættisbústaður fyrir biskup Íslands og biskupssetur fyrir vígslubiskupa í umdæmum hvors um sig, annars vegar á Hólum og hins vegar í Skálholti, nema um annað sé samið.

8. gr.

*Gildistaka*

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2024.

*Ákvæði til bráðabirgða*

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. gildir um þær prestssetursjarðir sem boðnar verða til leigu í tengslum við auglýsingu prestsstarfs eftir að starfsreglur þessar hafa öðlast gildi.

Prestar sem sitja prestssetur er lögð eru niður við gildistöku starfsreglna þessara og sem eru með skipun í prestsembætti, geta setið prestssetrin til loka skipunartímans ef þeir svo kjósa.

*Gildistaka 1. janúar 2024.*